

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 10/2010**

**frá 29. janúar 2010**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2008/961/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/891/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Liður 23c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/891/EB) í IX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 D 0961**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 112).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/961/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 112.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 96.

(\*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

## Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

### vegna ákvörðunar nr. 10/2010 um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB inn í samninginn

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna hefur að geyma ákvæði þess efnis að góðar reikningsskilavenjur, sem tíðkast í tilteknum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skuli teljast jafngildar EES-reglum og að útgefendum, sem starfa utan efnahagssvæðisins, skuli heimilt að haga árlegum og hálfárslegum samstæðureikningsskilum í samræmi við góðar reikningsskilavenjur sem tíðkast í Alþýðulýðveldinu Kína, Kanada, Lýðveldinu Kóreu eða Lýðveldinu Indlandi. Ákvörðun þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins að því er varðar samskipti við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.“